

Föstudaginn 2. maí 1997.

Nr. 336/1996.

Þormóður Jónsson og

Birgir Bieltvedt

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

gegn

Hildi ehf.

(Valgeir Kristinsson hrl.)

Víxilmál. Varnir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1996. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að kröfur hans verði lækkaðar. Þeir krefjast enn fremur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti, og beinir hann málskostnaðar-kröfu sinni jafnframt að lögmanni þeirra fyrir Hæstarétti, Sigurði Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni. Er þess sérstaklega krafist, að þeim verði gert að greiða álag á málskostnað vegna tilefnislausrar áfrýjunar málsins. Þá er þess einnig krafist, að lögmaður áfrýjenda verði víttur fyrir nánar tiltekin ummæli í greinargerð til Hæstaréttar um lögmann stefnda.

I.

Allir dómþolar í héraði skutu málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, en meðal þeirra var Uxi ehf. Samkvæmt gögnum, sem lögð voru fyrir Hæstarétt, var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta 4. desember 1996 og skiptum í því lokið 14. mars 1997. Tók þrotabúið ekki við aðild málsins fyrir Hæstarétti, og féll hún þar með niður.

II.

Með bréfum 2. janúar 1997 kærðu áfrýjendur einn forsvarsmann stefnda og lögmann stefnda til Rannsóknarlögreglu ríkisins fyrir

auðgunarbrot eða tilraun til þeirra. Kæruefnið varðar efndir samninga málsaðila um útihátíð við Kirkjubæjarklaustur í byrjun ágúst 1995 og meðferð stefnda í kjölfar þeirra viðskipta á víxlum þeim, sem áfrýjendur eru krafðir um greiðslu á í máli þessu. Hafa áfrýjendur lagt nokkur ný gögn fyrir Hæstarétt, sem tengjast þessu. Meðal þeirra eru skýrslur nokkurra manna, sem gefnar eru fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins á tímabilinu 23.–28. apríl 1997.

Pau atriði, sem áfrýjendur leitast við að leiða í ljós með hinum nýju gögnum, varða þá varnarástæðu þeirra, að víxlar þeir, sem mál þetta snýst um, séu í raun greiddir. Halda áfrýjendur því fram, að stefndi eigi í raun enga kröfu á hendur þeim, en því mótmælir stefndi. Varnir áfrýjenda lúta þannig að lögskiptum málsaðila að baki víxlum þeim, sem um ræðir í málinu. Gegn andmælum stefnda fá varnir, sem á þessu eru reistar, ekki komist að í málinu, sbr. 118. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

III.

Fyrir Hæstarétti var lýst yfir því af hálfu áfrýjenda, að þeir reistu varnir sínar ekki lengur á þeirri ástæðu, að umræddir víxlar hefðu ekki verið sýndir réttilega til greiðslu. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur. Verður áfrýjendum jafnframt gert að greiða málskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Lögmaður áfrýjenda hefur lagt fyrir Hæstarétt yfirlýsingu, sem hann las við munnlegan flutning málsins, þar sem hann biðst afsökunar á þeim ummælum, sem stefndi krefst, að hann verði víttur fyrir. Að því virtu þykir ekki næg ástæða til að verða við þessari kröfu stefnda.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjendur, Pormóður Jónsson og Birgir Bieltvedt, greiði óskipt stefnda, Hildi ehf., 350.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 13. júní 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 3. júní sl., er höfðað með stefnu, birtri 2. og 3. apríl sl.

Stefnandi er Hildir ehf., kt. 680795-2749, Skriðuvöllum 11, Kirkjubæjar-
klaustri.

Stefndu eru Uxi ehf., kt. 630395-2759, Þormóður Jónsson, kt. 270261-
5239, Hrísríma 34, og Birgir Bieltvedt, kt. 151267-5219, Miðleiti 8, allir í
Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir óskipt til að
greiða sér 2.500.000 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr.
25/1987 frá 6. mars 1996 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndu krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar. Til vara er þess kraf-
ist, að stefndu Þormóður og Birgir verði sýknaðir, og til þrautavara, að þeir
verði einungis dæmdir til greiðslu 1.250.000 kr. Í varakröfunum er einnig
krafist málskostnaðar.

Málavextir.

Stefnandi kveður kröfu sína vera samkvæmt tveimur víxlum, hvorum að
fjárhæð 1.250.000 kr., út gefnum af stefnda Þormóði 4. ágúst 1995 og fram-
seldum af honum án afsagnar. Víxlarnir eru samþykktir af stefnda Uxa ehf.
með gjalddaga við sýningu og ábektir af stefnda Birgi. Víxlarnir hafi verið
settir í innheimtu á vistunarstað í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis,
sýndir þar til greiðslu og afsagðir af lögbókanda sökum greiðslufalls 6. mars
1996.

Stefnandi rekur málið samkvæmt ákvæðum 17. kafla einkamálalaga og
ákvæðum víxillaga nr. 93/1933.

Stefndu halda því fram, að víxlarnir séu greiddir. Þeir hafi verið afhentir
til tryggingar greiðslum, er séu greiddar.

Þá er því haldið fram, að í gögnum frá stefnanda sé gjalddagi víxlanna
sagður vera 29. febrúar 1996, en í stefnu sé hann tilgreindur 6. mars 1996. Þá
hafi afsögn ekki farið fram þann dag kl. 17.00, þar sem þá sé afgreiðsla
sparisjóðsins lokuð. „Hvort sem víxlar eru með árituninni „án afsagnar“
eða ekki, ber að sýna þá réttilega á greiðslustað. Það hefur ekki verið gert,
og er víxilréttur á hendur útgefanda og ábekingi niður fallinn, sbr. 53., 46.
og 91.–93. gr. víxillaga.“

Enn fremur er því haldið fram, að afsagnargerðinni varðandi annan víxil-
inn sé áfátt að því leyti, að ósamræmi sé á milli endurris afsagnargerðar-
innar og víxilsins. Víxillinn sé samþykktur af Uxa ehf., en afsagnargerðin
tilgreinir Uxa hf. sem samþykkjanda.

Niðurstaða.

Kröfur stefnanda í málinu byggjast á tveimur víxlum, og er hvor þeirra
að fjárhæð 1.250.000 kr. Þeir eru gefnir út 4. ágúst 1995, en gjalddagi er ekki
tilgreindur. Á báða er letrað „án afsagnar“. Á báðum víxlunum er áritun

lögbókanda um, að hann hafi afsagt þá 6. mars 1996 kl. 17.00, og samkvæmt viðfestu vottorði voru víxlarnir afsagðir í afgreiðslu sparisjóðsins, sem var greiðslustaður þeirra samkvæmt áletrun á þá.

Útgefandi víxlanna, samþykkjandi og ábekingur eru stefndu, eins og lýst var hér að framan.

Stefnandi hefur lagt víxlana fram í málinu, og bera þeir ekki með sér að vera greiddir. Verður þeirri málsástæðu stefndu því hafnað.

Eins og að framan var rakið, voru víxlarnir sýndir til greiðslu 6. mars sl. á þeim tíma dagsins, sem tilskilinn er, sbr. 1. mgr. 91. gr. víxillaga, og innan tilskilins frests, sbr. 1. mgr. 34. gr. sömu laga. Þá þykir það engu skipta, að í afsagnarvottorði sýslumanns um annan víxilinn er samþykkjandi tilgreindur Uxi hf. í stað Uxa ehf., enda ekki annað komið fram en hér sé um sömu lögpersónuna að ræða.

Samkvæmt framansögðu verða stefnukröfurnar teknar til greina og stefndu dæmdir óskipt til að greiða þær með vöxtum, eins og segir í dómsorði, og 250.000 kr. í málskostnað.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Uxi ehf., Þormóður Jónsson og Birgir Bieltvedt, greiði óskipt stefnanda, Hildi ehf., 2.500.000 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 6. mars 1996 til greiðsludags og 250.000 kr. í málskostnað.
